

BÓKUN 19

UM FLUTNINGA Á SJÓ

Samningsaðilar skulu ekki beita sín á milli þeim ráðstöfunum sem um getur í reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 4057/86 (Stjtið. EB nr. L 378, 31.12.1986, bls. 14) og (EBE) nr. 4058/86 (Stjtið. EB nr. L 378, 31.12.1986, bls. 21) og ákvörðun ráðsins nr. 83/573/EBE (Stjtið. EB nr. L 332, 28.11.1983, bls. 37) né neinum öðrum sambærilegum ráðstöfunum, að því tilskildu að réttarreglurnar um flutninga á sjó sem samningurinn hefur að geyma séu að fullu komnar til framkvæmda.

Samningsaðilar munu samræma aðgerðir sínar og ráðstafanir gagnvart þriðju löndum og félögum í þriðju löndum á sviði flutninga á sjó í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

1. Ákveði samningsaðili að hafa eftirlit með starfsemi tiltekinna þriðju landa á sviði farmflutninga með skipum skal hann tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni og er heimilt að leggja til við aðra samningsaðila að þeir taki þátt í þessari aðgerð.
2. Ákveði samningsaðili að grípa til aðgerða fyrir milligöngu stjórnarerindreka gegn þriðja landi vegna takmarkana eða hótana um að takmarka frjálsan aðgang að farmi í viðskiptum á sjó, skal hann tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni. Öðrum samningsaðilum er heimilt að ákveða hvort þau taki þátt í slíkum aðgerðum stjórnarerindreka.
3. Hafí samningsaðili í hyggju að gera ráðstafanir eða hefja aðgerðir gegn þriðja landi og/eða skipaeigendum í þriðja landi til þess meðal annars að bregðast við ósanngjarnri verðlagningu af hálfu tiltekinna skipaeigenda, sem fást við reglubundna farmflutninga milli landa með skipum, eða takmörkunum eða hótunum um að takmarka frjálsan aðgang að farmi í viðskiptum á sjó, skal hann tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni. Hvenær sem við á er samningsaðila, sem hefur málsmeðferðina, heimilt að krefjast þess að aðrir samningsaðilar taki þátt í henni. Öðrum samningsaðilum er heimilt að ákveða að gera sömu ráðstafanir og aðgerðir varðandi eigin lögsagnarumdæmi.

Ef sneitt er hjá ráðstöfunum eða aðgerðum sem samningsaðili hefur gert með því að fara um yferráðasvæði annars samningsaðila sem hefur ekki samþykkt slíkar ráðstafanir eða aðgerðir er samningsaðila þeim, sem orðið hefur fyrir því að sneitt er hjá ráðstöfunum eða aðgerðum hans, heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á ástandinu.

4. Hafí samningsaðili í hyggju að gera samkomulag um farmskipti eins og lýst er í 1. mgr. 5. gr. og 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4055/86 (Stjtið. EB nr. L 378, 31.12.1986, bls. 1), eða færa út ákvæði þessarar reglugerðar til ríkisborgara í þriðja landi eins og fyrirhugað er í 7. gr. hennar, skal hann tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni.

Mótmæli einn eða fleiri samningsaðilar fyrirhugaðri aðgerð mun verða leitast við að finna viðunandi lausn innan sameiginlegu EES-nefndarinnar. Komist samningsaðilar ekki að samkomulagi er heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir. Finnist engar aðrar tiltækar leiðir geta slíkar ráðstafanir falið í sér að samningsaðilar afturkalli sín á milli meginregluna um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó sem sett er fram í 1. gr. reglugerðarinnar.

5. Þegar unnt er skal ætíð veita upplýsingarnar sem um getur í 1. – 4. mgr. með góðum fyrirvara til þess að samningsaðilar geti samræmt aðgerðir sínar.
6. Að beiðni samningsaðila skal samráð eiga sér stað milli samningsaðila um málefni varðandi siglingar er alþjóðastofnanir fást við, um mismunandi hliðar þeirrar þróunar sem orðið hefur á sambandi samningsaðila og þriðju landa í siglingamálum og um framkvæmd tvíhliða eða marghliða samninga sem gerðir hafa verið á þessu sviði.